



Þorsteinn Thorsteinson

Ég gekk formlega í Hundaræktarfélag Íslands árið 1997 en hafði þá átt hund í nokkur ár og sýndi hund í fyrsta skipti á hundasýningu árið 1991.

Ég er fæddur árið 1978, er lærður garðyrkjumaður og náttúrufræðikennari í grunnskóla og starfa sem garðyrkjubóndi á Flúðum í Hrunamannahreppi. Allur aukatími sem ég hef fer í hundana, í bókstaflegri merkingu, en ég á heima 8 hunda, 6 íslenska fjárhunda og 2 saluki.

Ég rækta íslenska fjárhunda og stefni nú að mínu fyrsta saluki goti. Fyrsta gotið með mínu ræktunarnafni, Sunnusteins, kom í heiminn árið 1994 en ég eignaðist ræktunarnafnið þó ekki formlega fyrr en ég hafði aldur til og gekk þá í félagið á sama tíma.

Ég hef áhuga á hundarækt í öllum skilningi þess hugtaks. Hundarnir mínir eru og verða ávallt fyrst og fremst ákkúrat það, hundarnir mínir. Þeir búa inni á heimilinu og þeirra stærsta hlutverk verður ávallt að vera „bara“ fjölskylduhundar.

Ég tek virkan þátt í starfi Deildar íslenska fjárhundsins (DÍF). Ég sat í stjórn deildarinnar í 7 ár, starfaði þar sem meðstjórnandi, ritari og formaður og var fulltrúi deildarinnar í 4 ár á fundum í alþjóða samstarfinu um íslenska fjárhundinn, Icelandic Sheepdog International Cooperation (ISIC). Síðastliðin 2 ár hef ég svo sítíð í stjórn DÍF sem tengiliður stjórnar HRFÍ. Málafni íslenska fjárhundsins standa mér afskaplega nærri enda má líta á verndun og varðveislu þjóðarhundsins okkar sem kjarnann í starfi Hundaræktarfélags Íslands.

Áhugi minn einskorðast ekki við þær tvær ólíku tegundir sem ég hef valið mér. Ég hef áhuga á öllu því sem viðkemur hundum og hef sótt ýmis námskeið og fyrirlestra sem HRFÍ hefur boðið upp á í gegnum árin.

Í 3 ár vann ég með skapgerðarmatshópi HRFÍ og fékk þar réttindi sem leikmaður (figurant). Þetta var gríðarlega áhugaverður tími og ég lærði margt af þeirri vinnu um atferli og eðli hunda.

Sámur, blað HRFÍ, er mér hugleikið enda er það okkar helsta mál gagn og er sent til allra félaga Hundaræktarfélagsins. Ég sat lengi í ritnefnd félagsins og kom þar aftur inn síðastliðið vor. Ég hef þýtt eða skrifað hinar ýmsu greinar um margvísleg málefni sem mér hefur þótt eiga erindi við félagsmenn.

Ég hef lengi starfað á hundasýningum félagsins, er með réttindi sem hringstjóri og gef kost á mér í vinnu í dómhring þegar ég er ekki að sýna mína eigin hunda. Án sjálfboðastarfs væru sýningarnar okkar ekki mögulegar og maður lærir alltaf eitthvað nýtt á hverri sýningu.

Ég hef séð um og leiðbeint á námskeiðum fyrir nýja hringstjóra og ritara og undanfarin 2 ár hef ég auk þess starfað í sýningastjórn félagsins. Við getum verið stolt af sýningunum okkar, umgjörð og starfsfólkinu og sýningastjórn vinnur ávallt að því að gera góðar sýningar enn betri.

Fyrir á þessu ári öðlaðist ég réttindi sem sýningadómari á þjóðarhundinn okkar, íslenska fjárhundinn, og hlakka til að takast á við nýjar áskoranir í þessu nýju hlutverki.

Félagið okkar hefur vaxið mikið á undanförunum árum og innan þess unnið gríðarmikið og gott starf. Mig dreymir um öflugan gagnagrunn aðgengilegan á netinu þar sem hægt verður að skoða öll úrslit vinnuprófa og hundasýninga sem og niðurstöður heilbrigðisprófa. Svona gagnagrunnur kemur fyrir HRFÍ, það er bara spurning hvenær.

Undistaða alls starfs innan HRFÍ er í deildum félagsins og því þarf að gera allt sem hægt er til að styðja við og efla deildirnar. Stjórn félagsins á ekki að gera allt heldur reyna að skapa umhverfi sem gerir starf deildanna auðveldara og líklegra til árangurs. Fulltrúaráð félagsins skipar þar stórt hlutverk sem mætti nýta betur.

Við félagsmenn í HRFÍ mættum stundum bæta samskipti okkar á milli og hugsa í auknum mæli út í ímynd félagsins út á við. Ef nýjir eða mögulegir félagsmenn verða helst varir við neikvæðni og leiðindi þá er það ekki hvetjandi til þátttöku í starfi félagsins eða deilda þess. Höfum í huga að það er hægt að segja sama hlutinn á marga vegu. Félagið okkar verður aldrei sterkara en við félagarnir og því megum við aldrei gleyma.

Hundamenningin hér á landi er í stöðugri sókn en við mætum ennþá gamaldags viðhorfum til hunda og hundahalds. Viðhorfsbreytingar í samfélaginu taka tíma og við hundaeigendur verðum að vanda okkur, sýna ábyrgð og vinna saman að hagsmunamálum okkar.

Mér þykir vænt um Hundaræktarfélag Íslands og vil leggja mitt af mörkum til að gera gott félag enn betra.